

Ársskýrsla 2004



www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI



Ársskýrsla **2004**





Akureyrarbær • Geislagötu 9 • 600 Akureyri

Sími 460 1000 • Fax 460 1001 • www.akureyri.is

Allar upplýsingar um símanúmer einstakra stofnana og netföng starfsmanna er að finna á heimasíðu bæjarins.

Útgefandi: Akureyrarbær 2005

Umsjón: Ragnar Hólm Ragnarsson

Yfirlestur og prófarkir: Gunnar Frímannsson

Ljósmyndir: Myndrún • Rúnar Þór

Hönnun, umbrot, prentun og bókband: Ásprent Stíll

Forsíðumynd: Michael Jón Clarke og fjölskylda á ferð um Hrísey



ÁVARP BÆJARSTJÓRA	6
STJÓRNSÝSLUSVIÐ	6
HAGÞJÓNUSTA	6
FJÁRMÁL BÆJARINS	6
MARKAÐS- OG KYNNINGARMÁL	8
STARFSMANNAPJÓNUSTA	8
JAFNRÉTTISMÁL	10
HÚSNÆÐISMÁL	10
FÉLAGSSVIÐ	12
FJÖLSKYLDUDEILD	12
HEILSUGÆSLUSTÖÐIN Á AKUREYRI	12
BÚSETUDEILD	14
ÖLDRUNARHEIMILI	14
SKÓLADEILD	14
MENNINGARDEILD	16
ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDADEILD	18
FASTEIGNIR AKUREYRARBÆJAR	19
TÆKNI- OG UMHVERFISSVIÐ	20
FULLTRÚAR AKUREYRARBÆJAR Í NEFNDUM OG STJÓRNUM	21



VÖXTUR OG GRÓSKA

Ársskýrsla Akureyrarbæjar kemur nú út með nýju sniði og hefur verið stýtt allmikið frá því sem áður var. Ákvörðun um að breyta skýrslunni var tekin að vel yfirveguðu ráði eftir að gerð hafði verið könnun á lestri hennar meðal Akureyringa.

Árið 2004 var gott fyrir Akureyringa. Gróska var í mannlífnum, bæjarbúum hélt áfram að fjölga, byggingariðnaður stóð í miklum blóma, menningarlífið var til fyrirmyndar og hið sama má segja um allt starf á sviði íþróttar- og tómstundamála.

Á árinu var kosið um sameiningu Akureyrar og Hríseyjarhrepps og hún samþykkt með miklum meirihluta atkvæða. Nýbygging Amtsbókasafnsins var tekin í notkun og lokið var gagngerum endurbótum á Samkomuhúsinu. Gengið var frá vaxtarsamningi fyrir Eyjafjarðarsvæðið, hafist handa við uppbyggingu miðbæjarins undir merkjum „Akureyrar í öndvegi“ með fjölsóttu íbúapingi og efnt til hönnunarsamkeppni menningarhúss á uppfyllingunni við Torfunef.

Þessi upptalning hér að framan ber þess vitni að mikið og gott starf var unnið í bæjarfélaginu okkar á árinu 2004. Ég þakka öllum þeim sem stuðlað hafa að gróandi mannlífi og vexti Akureyrarbæjar á liðnu ári.

Akureyri 24. júlí 2005

Kristján Þór Júlíusson, bærarstjóri á Akureyri

BÆJARBÚAR

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands voru íbúar Akureyrar 16.048 hinn 1. desember 2003. Samkvæmt bráðabirgðatölum voru íbúar 16.450 1. desember 2004 og hafði fjölgað um 402 eða um 2.44 %. Karlar voru 8.105 og konur 8.345. Hríseyjarhreppur sameinaðist Akureyri 1. ágúst 2004. Íbúar Hríseyjar voru 170 við sameininguna. Frá 2. desember 2003 til 1. desember 2004 fæddust 237 börn en 89 bæjarbúar létust. Samkvæmt hreyfingaskrá Hagstofu voru brottfluttir 1.153 en aðfluttir til bæjarins 1.237 þ.e. aðfluttir umfram brottflutta voru 84. Flutningar innan bæjarins voru 2.617. Elsti íbúi bæjarins Jóhanna Jónsdóttir er 104 ára.

STJÓRNSÝSLUSVIÐ

Á árinu voru haldnir 17 fundir í bærarstjórn Akureyrar og 45 fundir í bæjarráði. Þóra Ákadóttir var endurkjörin forseti bærarstjórnar og Jakob Björnsson var einnig endurkjörinn formaður bæjarráðs.

Í mars 2004 kom til framkvæmdar „Samþykkt um stjórn Akureyrarkaupstaðar og fundarsköp bærarstjórnar“. Markmiðið var að auka hagræði og skilvirkni og hraða málsmeðferð í stjórnsýslunni með því að fela nefndum, ráðum, stjórnnum og embættismönnum fullnaðarákvörðun mála sem varða ekki verulega fjárhag Akureyrarbæjar. Um leið var stefnumarkandi hlutverk bærarstjórnar eftt og fundir gerðir skipulegri og umræður þar markvissari. Í framhaldi af nýrri bæjarmálasamþykkt voru samin ný erindisbréf allra fastanefnda og settar reglur um ábyrgðarmörk og starfshætti stjórnenda, kjörinna fulltrúa og nefndarmanna í stjórnsýslu Akureyrarbæjar.

HAGÞJÓNUSTA

Hagþjónustan annast gerð fjárhagsáætlana fyrir bæjarsjóð og samræmingu fjárhagsáætlana fyrir stofnanir og fyrirtæki Akureyrarbæjar. Hagþjónustan sér einnig um uppsetningu ársreikninga, annast útboð fyrir stofnanir bæjarins og samræmingu innkaupa þeirra og eftirfylgni með innkaupastefnu bærarstjórnar. Deildin sér um rekstur tölvukerfa bæjarskrifstofanna auk ýmissa verkefna sem miða að því að bæta rekstur og skipulag í bærarkerfinu.

Stærsta verkefni hagþjónustunnar árið 2004 var þarfagreining og útboð vegna endurnýjunar upplýsingakerfa bæjarins. Fjárhags-, launa- og starfsmannakerfi voru boðin út í júní og í lok júlí höfðu borist gild tilboð frá 5 hugbúnaðarfyrirtækjum. Þá tók við mat á þeim lausnum sem boðnar voru og fór það þannig fram að nokkrir starfsmenn bæjarins heimsóttu bjóðendur í Reykjavík og skoðuðu kerfin sem í boði voru. Eftir rækilegan samanburð á kerfunum, gæðum þeirra og verði svo og þjónustugetu fyrirtækjanna, var ákveðið að kaupa SAP-kerfi af Nýherja. Innleiðingu þeirra á að vera lokið í árslok 2006.

Meðal fjölmargra útboðsverkefna á árinu 2004 má nefna útboð á nýrri slökkvibílfreið fyrir slökkvilið Akureyrar og skólaakstri fyrir skóladeild, auk þess sem búnaður fyrir Amtsbókasafnið var boðinn út á árinu og tekinn í notkun við opnun þess. Gengið var frá samningum við Mjöll-Frigg um hreinlætisvörur, pappír og rekstrarvörur fyrir stofnanir, deildir og fyrirtæki Akureyrarbæjar og einnig var gengið frá samningi um sorphirðu fyrir stofnanir, deildir og fyrirtæki bæjarins.

FJÁRMÁL BÆJARINS

Fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 2004 var samþykkt í bærarstjórn 16. desember 2003. Rekstrartekjur á árinu námu 9.050 millj. kr. samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A- og B-hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 8.916 millj.kr. Rekstrargjöld sveitarfélagsins námu 8.883 millj. kr. en í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir rekstrargjöldum að fjárhæð 8.489 millj. kr. Fjármagnsliðir voru jákvæðir um 58,2 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 280 millj. kr. fjármagnsgjöldum umfram fjármagnstekjur. Rekstrarniðurstaða samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A- og



B-hluta var jákvæð um 240 millj. kr. en í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 147 millj. kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir bæjarins bókfærðar á 20.782 millj. kr., þar af eru veltufjármunir 2.675 millj. kr. Skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins nema samkvæmt efnahagsreikningi 13.303 millj. kr., þar af eru skammtímaskuldir 2.077 millj. kr. Veltufjárhluftallið er 1,29 í árslok, en var 1,25 árið áður. Bókfært eigið fé nemur 7.480 millj. kr. í árslok sem er 36,0% af heildarfjármagni. Árið áður var þetta hlutfall 37,1%.

Samkvæmt yfirliti um sjóðstreymi nam veltufé frá rekstri 1.556 millj. kr. og handbært fé frá rekstri 1.908 millj. kr. Fjárfestingahreyfingar námu samtals 1.775 millj. kr. Fjárfesting umfram söluverð varanlegra rekstrarfjármuna nam 1.720 millj. kr. og fjárfesting í eignarhlutum í félögum umfram söluverð eignarhluta nam 102 millj. kr. en þar af var fjárfesting í eignarhlutum í hlutdeildarfélögum 55 millj. kr. Langtíma- og skammtímakröfur lækkuðu um 47 millj. kr. á árinu.

Ársreikning Akureyrarbæjar 2004 er að finna á heimasíðu bæjarins. Slóðin er www.akureyri.is/ymsar-fjarmalaupplýsingar

MARKAÐS- OG KYNNINGARMÁL


Markaðs- og kynningardeild sér um almenna markaðssetningu bæjarins, móttöku gesta, erlend samskipti, heimasíðu bæjarins og þátttöku í ýmsum verkefnum sem lúta að atvinnuuppbyggingu á svæðinu og ímyndarmálum.

Bærinn tók á móti fjölda innlendra og erlendra gesta á árinu. Sem dæmi má nefna að sænsku konungshjónin og krónprinsessan heimsóttu bæinn í september ásamt forseta Íslands og eiginkonu hans. Einnig kom Nóbelsverðlaunahafinn Shirin Ebadi til Akureyrar í nóvember og var hún gerð að heiðursdoktor við laga- og félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri.

Starfshópur Akureyrarbæjar um byggðaaætlun fylgdi eftir og vann að sérstakri byggðaaætlun fyrir Eyjafjarðarsvæðið ásamt nefnd skipaðri af iðnaðarráðherra. Í júlí var síðan undirritaður Vaxtarsamningur Eyjafjarðarsvæðisins. Akureyrarbær á aðild að samningnum ásamt iðnaðarráðuneytinu f.h. ríkisins, Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar f.h. sveitarfélaga í Eyjafirði, Byggðastofnun, Háskólanum á Akureyri, KEA ásamt fleiri stofnunum og samtökum. Markmið samningsins er m.a. að efla Eyjafjarðarsvæðið, stuðla að fjölgun íbúa og starfa og auka samkeppnishæfni svæðisins. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu samningsins www.klasar.is. Tengill er á heimasíðu Akureyrarbæjar.

Heimasíða bæjarins var í stöðugum vexti á árinu hvað varðar efni og aðsókn. Fréttir eru þar uppfærðar nánast daglega, sífellt er unnið að viðbótum og endurbótum á síðunni og endurspeglast það í heimsóknunum netverja.

Síðuflettingar á www.akureyri.is árið 2004: Myndin sýnir hversu margar síður á vefnum eru skoðaðar líkt og flett sé í bók.



Tengiliðamót vinabæja Akureyrar á Norðurlöndum, Randers í Danmörku, Álasunds í Noregi, Västerås í Svíþjóð og Lahti í Finnlandi, var haldið í Álasundi í janúar. Bæjarstjóri og forseti bæjarstjórnar voru fulltrúar Akureyrar á mótinu ásamt mökum sínum.

Akureyrarbær hefur verið aðili að Northern Forum samtökunum frá árinu 2003. Markaðs- og kynningarstjóri sótti tengiliðafund í Khanty Mansiysk í Rússlandi um mánaðamótin maí-júní.

Umhverfisþing ungmenna á Norðurslóðum var haldið í Sapporo í Japan í byrjun ágúst. Tvö ungmenni frá Akureyri, þau Jón Helgi Sveinbjörnsson og Þórunn Edda Magnúsdóttir, tóku þátt í mótinu ásamt markaðs- og kynningarstjóra bæjarins sem var fararstjóri. Mikill undirbúningur hafði farið fram og íslensku þátttakendurnir fluttu fyrirlestur og tóku virkan þátt í öllum störfum þingsins. Á þinginu var tilkynnt að Akureyri hefði orðið fyrir valinu sem næsti þingstaður árið 2005. Sjá nánar um starfsemi Northern Forum á vefsíðunni www.northernforum.org.

Áfram var unnið að verkefninu Brandr sem unnið er undir merkjum norðurslóðaaætlunar Evrópusamsambandsins. Í verkefninu er unnið að markaðssetningu og bættri ímynd sveitarfélaganna sem að því koma. Á Akureyri unnu fimm verkefnahópar að tillögugerð og í nóvember var haldinn kynningarfundur fyrir alla stjórnendur um þær tillögur. Ákveðin verkefni voru undirbúin og sum framkvæmd á árinu og gerðar voru rannsóknir sem varða ímynd sveitarfélagsins og þekkingu og viðhorf til þjónustu og einkennisorðanna „Akureyri – öll lífins gæði“. Um NPP-áætlunina má lesa á heimasíðu Byggðastofnunar og um verkefnið á sérstakri vefsíðu þess www.brandr.net.

STARFSMAÑNAÞJÓNUSTA

Starfsmannafjónustan annast launaútreikning fyrir alla starfsmenn Akureyrarbæjar og ráðgjöf til stjórnenda bæjarins um kjaramál og ráðningar. Einnig hefur hún umsjón með starfsmannastefnu bæjarstjórnar Akureyrar, kjarapróun og fræðslumálum starfsmanna. Helstu tölulegar upplýsingar um starfsemi deildarinnar eru í eftirfarandi töflu:





	2002	2003	2004
Fjöldi launþega (launamiða)	3.263	3.129	3.248
Samtals greidd laun, milljónir kr.	3.490	3.557	3.690
Ársverk	1.424	1.366	1.370
Fjöldi 14 ára ungl. í vinnuskóla	182	217	251
Fjöldi 15 ára ungl. í vinnuskóla	169	181	200
Fjöldi 16 ára ungl. í sumarvinnu	122	144	140
Umsóknir 17 ára og eldri um sumarvinnu	650	687	620
Ráðnir í sumarvinnu	310	286	278
Umsóknir 17 ára og eldri um vinnu í atvinnuátaki	92	130	111
Þáðu tilboð um vinnu í atvinnuátaki	78	96	75

Sumarvinna fyrir unglinga var boðin með svipuðum hætti og á undanföllum árum. Unglingum á aldrinum 14 - 15 ára var boðin vinna í vinnuskóla 3,5 tíma á dag í 7 vikur eða samtals 122,5 klukkustundir. 16 ára unglingum gafst kostur á að vinna 7 tíma á dag í 6 vikur eða í 210 tíma. Atvinnulausu skólafólki var boðin sumarvinna í 6 vikur með stuðningi Atvinnueysistryggingasjóðs sem greiddi laun vegna tiltekinnar verkefna.

Á árinu voru gerðir kjarasamningar við kennara í leikskólum, grunnskólum og Tónlistarskólanum og tóku þeir samningar gildi á síðustu mánuðum ársins. Launanefnd sveitarfélaga fer með samningsumboð Akureyrarbæjar.

Starfsmatsviðtöl vegna nýs starfsmats hófust haustið 2003 en niðurstöður matsins lágu ekki fyrir fyrr en á haustdögum 2004. Kjarasamningar kváðu á um að nýtt starfsmat skyldi gilda frá 1. desember 2002 þannig að starfsfólk starfsmannabjónustunnar þurfti að reikna út allar launabreytingar frá þeim tíma. Verulega mikil vinna vegna starfsmatsins fór fram hjá starfsmannabjónustunni á síðustu mánuðum ársins og leiðréttingar vegna nýja starfsmatsins voru greiddar út í lok janúar 2005. Heildarhækkun launa vegna starfsmatsins nam 220 milljónum króna.

Á miðju ári var ráðinn verkefnastjóri starfspróunar sem m.a. sá um námskeiðahald og kynningar fyrir stjórnendur og starfsmenn bæjarins. Haustið 2004 voru haldin námskeið um starfsmannasamtöl, Þorvaldur Þorsteinsson rithöfundur hélt fyrirlestur fyrir stjórnendur sem hann nefndi „Skapandi stjórnun“ og Elín Ebba Ásmundsdóttir lektor hélt fyrirlestur sem hún nefndi „Þeir hæfustu lifa af“. Verkefnastjóri skipulagði einnig ásamt jafnréttisráðgjafa starfsdag stjórnsýslusviðsins þar sem starfsfólkið kom saman, hlýddi á fyrirlestra og stundaði hópeflí.

JAFNRÉTTISMÁL

Í byrjun árs 2004 hófst vinna við „Jafnréttisstefnu Akureyrarbæjar til ársins 2007“ sem samþykkt var í bæjarstjórn 16. desember 2003. Jafnréttisstefnunni var dreift til bæjarbúa í apríl og skömmu síðar voru framhaldsskólar bæjarins heimsóttir og nemendum kynnt jafnréttisstefnan. Um mitt ár var hafin vinna við endurskoðun Fjölskyldustefnu bæjarins sem verið hefur í gildi frá vorinu 2002.

Úttekt á kynjahlutfalli í nefndum og ráðum bæjarins var gerð tvisvar á árinu. Var staðan í apríl þannig að konur voru 49% aðalfulltrúa í fastanefndum og karlar 51%. Í október höfðu framboðin gert breytingar á nefndarfulltrúum og var staðan þá þannig að konur

voru 47% aðalfulltrúa og karlar 53%. Kynjahlutfall í stjórnunarstöðum hjá bænum var einnig kannað og meðal sviðsstjóra og deildarstjóra var staðan jöfn þ.e. 10 konur og 10 karlar.

Jafnréttis- og fjölskyldunefnd veitti Mæðrastyrksnefnd viðurkenningu árið 2004 fyrir gott starf að málefnum fjölskyldna. Á hátíðisdegi íslenskra kvenna 19. júní stóð nefndin fyrir gróðursetningu í lundi í Naustaborgum tileinkuðum Vilhelminu Lever (1802-1879) og afhjúpað var skilti til minningar um þessa fyrstu íslensku konu sem tók þátt í opinberum kosningum og það áður en konur fengu kosningarétt.

Jafnréttis- og fjölskyldumál eiga sér fastan stað á heimasíðu Akureyrarbæjar og er slóðin

<http://www.akureyri.is/fjolskyldustefna>.

HÚSNÆÐISMÁL

Á árinu 2004 voru afgreiddar 194 umsóknir um viðbótarlán á móti 225 umsóknum árið 2003. Miklar breytingar urðu á lánamarkaði til húsnæðisaka þegar fjármálastofnanir fóru að lána fólki íbúðalán í ágúst 2004. Einnig hóf Íbúðalánasjóður að lána allt að 90% af kaupverði íbúðar. Bæði lán fjármálastofnananna og Íbúðalánasjóðs voru óháð tekjum og eignum eins og viðbótarlánið höfðu verið. Lauk þar með afgreiðslu viðbótarlána sem hafði staðið í 6 ár en á því tímabili voru afgreiddar 1.208 umsóknir og nemur fjárhæmild sveitarfélagsins til viðbótarlána um 1.556 milljónum kr. á sama tímabili.

Innlausnir á félagslegum íbúðum voru 24 á árinu en þar af voru 3 vegna nauðungarsölu. Samþykkt var að selja 22 þeirra á almennum markaði og breyta 2 íbúðum í leiguíbúðir Akureyrarbæjar.

Leiguíbúðir í eigu Akureyrarbæjar voru 230 í lok ársins 2004 en voru 232 í upphafi árs. Tveimur innlausnaríbúðum var breytt í leiguíbúðir og fjórar íbúðir voru seldar, þar af þrjár sem keyptar voru vegna flóttamannverkefnis á árinu 2003. Auk þess eru 13 íbúðir í Hrísey og 8 nýjar íbúðir munu verða teknar í notkun á árinu 2005. Úthlutað var 63 íbúðum til umsækjenda á árinu en 99 umsækjendur voru á biðlista eftir leiguíbúð.

Húsaleiga var hækkuð á árinu 2004 og viðmiðunargrunni leigunnar breytt á þann hátt að leiga reiknast sem hundradshluti af fasteignamat en hver íbúðarflokkur hefur sérstakt hámarks- og lágmarksverð. Einnig voru gerðar nokkrar breytingar á úthlutunarreglum um leiguíbúðirnar þar sem m.a. voru sett lágri tekjumörk en áður giltu. Reglurnar er hægt að kynna sér á heimasíðu Akureyrarbæjar.

Húsaleigubætur eru greiddar leigutökum íbúðarhúsnæðis að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Markmið þeirra er að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra og jafna aðstöðumun á húsnæðismarkaði. Greiddar húsaleigubætur námu 101 milljón á árinu 2004 á móti 88 milljónum árið 2003 og er það 15,2% aukning en bótaþegar voru 692 í lok árs 2004 en 647 árið 2003.





FÉLAGSSVIÐ

Starfsemi félagssviðs var í nokkuð föstum skorðum á árinu 2004. Mannabreytingar í stjórnunarstöðum voru með minna móti. Engar viðræður voru þetta árið við ráðuneytin um þjónustusamninga eða aðra samninga. Endurnýjaðir voru samningar um aðild nágrannasveitarfélaga að Öldrunarheimilum Akureyrar og ráðgjafarþjónustu í félags- og barnaverndarmálum.

Á árinu 2004 lauk flóttamannaverkefninu sem hófst 2003 og fólst í umsjón með komu 24 einstaklinga frá fyrrum Júgóslavíu. Þessir einstaklingar eru allir búsettir áfram á Akureyri og virðast una hag sínum vel.

Eitt af verkefnum fjölskyldustefnu Akureyrar var stofnun Heilsueflingarráðs en í því sitja fulltrúar margra aðila sem koma að heilsueflingu í ýmsu formi. Ráðið fékk ýmis fyrirtæki til liðs við sig í tengslum við nokkur heilsueflingarverkefni á sl. ári og væntanlega verður framhald á því.

Hafist var handa við mótun skólastefnu og áfengis- og vímuvarnastefnu á árinu og einnig var unnið að endurnýjun menningarstefnu.

FJÖLSKYLDUDEILD

Hlutverk fjölskyldudeildar er fyrst og fremst þjónusta við einstaklinga og fjölskyldur og er starfsemið skipt í þrennt, þ.e. félagsþjónustu, skólaþjónustu og barnavernd. Stofnanir sem heyra undir deildina eru Hæfingarstöðin við Skógarlund, Plastiðjan Bjarg/lðjulundur á Gleráreyrum og Menntasmiðjan á Akureyri.

Fjöldi styrkþega sem njóta fjárhagsaðstoðar á vegum fjölskyldudeildar hefur aukist úr 275 árið 1999 í 321 árið 2004. Á sama tíma hefur heildarfjárhæð fjárhagsaðstoðar aukist úr 22,4 milljónum í 47,2 milljón á verðlagi hvors árs.

Í skólaþjónustunni er unnið með um 10% af heildarfjölda nemenda. Heildarmálafjöldi í grunnskólum var 369, þar af 322 á Akureyri og 47 utan Akureyrar en fjölskyldudeild annast þjónustu við börn í nágrannasveitarfélögum samkvæmt sérstökum samningum. Málafjöldi í leikskólum var 105, þar af 93 vegna barna á Akureyri og 12 vegna barna utan Akureyrar.

Tilkynningum til barnaverndarnefndar hefur fjölgað en þó er heildarmálafjöldinn minni en árið 2003. Mun fleiri börn nutu stuðningsúrræða, tilsjónar, persónulegrar ráðgjafar og stuðningsfjölskyldna. Á árinu fóru tvö börn í greiningar- og meðferðarvistun á Stuðlum og Barna- og unglingadeild. Neyðarvistun á Stuðlum var notuð í tveimur tilvikum og sex börn voru í langtímameðferð á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu. Þá komu upp níu mál þar sem grunur var um kynferðislegt ofbeldi.

Af nýjungum eða breytingum hjá stofnunum deildarinnar má nefna að um mitt árið 2004 varð mikil aukning í skapandi starfi í Hæfingarstöð. Í stað þess að allt starfið færi fram í einni stofu, fer það nú fram í fjórum stofum. Í tengslum við það er ýmis sérstæð gjafavara og nytjalist framleidd í Hæfingarstöð. Í Plastiðjunni Bjargi/lðjulundi var haldið áfram að endurnýja tækjabúnað en önnur ný plastsprautuvél var tekin í notkun. Menntasmiðjan lagði aukna áherslu á fræðslustarf á árinu og af nýjungum má

nefna spænskunámskeið sem haldin voru. Í desember 2004 lauk fjölþjóðlegu verkefni sem Menntasmiðjan tók þátt í og ber heitið FLENOFHS (Promotion of Flexible Learning through the European Network of Folk High Schools). Verkefnið er unnið innan Sókrates-áætlunar Evrópusambandsins og er samstarfsverkefni átta Evrópulanda. Verkefnið miðar að því að þróa tengsl milli fullorðinsfræðslustofnana og styrkja starf lýðháskóla og annarra stofnana í Evrópu sem bjóða óformlegt nám fyrir fullorðna.

HEILSUGÆSLUSTÖÐIN Á AKUREYRI

Akureyrarbær rekur Heilsugæslustöðina á Akureyri samkvæmt þjónustusamningi við Heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið. Umdæmi HAK er sem fyrr átta sveitarfélög í Eyjafirði og Fnjóskadal. Þannig tilheyra fyrrverandi íbúar Hálshrepps umdæmi HAK en hreppurinn hefur sameinast öðrum hreppum undir nafni Þingeyjarsveitar. Hríseyingar tilheyra áfram Dalvíkurumdæmi að eigin ósk. Íbúafjöldi í umdæmi HAK var 19.004 íbúar þann 1. des. 2004. Helstu breytingar og framfarir á árinu tengjast aukinni samvinnu milli deilda bæjarins en m.a. var sett á fót fagræð um fjölskylduvernd sem í sitja fulltrúar frá HAK og fjölskyldudeild. Tilgangurinn með slíku fagræði er að nýta betur sameiginlega krafta beggja deilda og samhæfa starfsfólk sem vinnur að málafnum sömu einstaklinga. Leikskólar og ungbarnavernd hafa unnið saman að þroskamati og unnið hefur verið að því að bæta aðstöðu barna með þroska- og hegðunarraskanir.

Áfram hefur verið unnið að þróun á rafrænni sjúkraskrá og voru tæplega 3.000 lyfseðlar sendir rafrænt í apótek í hverjum mánuði. Læknabréf fóru að berast rafrænt frá FSA og mun það verklag skipta miklu í gæðamálum og hagræðingu þegar fram í sækir. Með nýju rannsóknakerfi á FSA komust lækmar á HAK í beint samband við rannsóknastofuna og geta séð niðurstöður um leið og þær liggja fyrir.

Þjónusta heimilislækna var á árinu með svipuðu móti og verið hefur. Ekki er hægt að bjóða öllum íbúum svæðisins að velja sér heimilislækni sökum læknaþöfnar. Rúmlega 3.000 manns á svæðinu eru án fasts heimilislæknis. Þar að auki sinnir HAK lækniþjónustu við öldrunarstofnanir bæjarins og hefur það áhrif á tímaframboð hjá heimilislæknum.

Aðsókn að bráðadagvaktinni á HAK er mikil, jafnvel þótt tímar hafi verið lausir hjá heimilislæknum viðkomandi sjúklinga fyrir um daginn. Aðsókn að vaktmóttöku heimilislækna á FSA var sú sama og árið áður. Svo virðist sem fólk sækist í æ ríkari mæli eftir skyndiþjónustu samdægurs eða síðdegis, jafnvel þótt það kosti langa bíð á biðstofu og meira fé. Metnaður er hjá heilsugæslulæknum til að sinna heilsuvernd og taka þeir þátt í meðravernd, ungbarnavernd, skólaheilsugæslu og unglingamóttöku.

Ljósmaður sinnu verðandi foreldrum í meðravernd en hjúkrunarfræðingar sáu um heilsugæsluhjúkrun í ungbarnavernd, skólahjúkrun, heimahjúkrun, unglingamóttöku, krabbameinsleit og almenna móttöku hjúkrunarfræðinga. Áhersla var lögð á fræðslu og fyrirbyggjandi vinnu, m.a. í námskeiðahaldi, og var unnið að því



að festa í sessi framhaldsnámskeið fyrir nýorðna foreldra. Rekstur heimahjúkrunar var á árinu fluttur frá búsetudeild til HAK, var það gert af hagkvæmisástæðum og breytir litlu um starfsemina. Á haustmánuðum flutti heimahjúkrun af Bjargi á HAK, rétt á meðan framkvæmdir á þjónustuhúsnæðinu á Bjargi stóðu yfir.

Í fjölskylduráðgjöfinni fór fram ráðgjöf, meðferð og stuðningsviðtöl við fjölskyldur og einstaklinga sem og fræðsla til hópa og stofnana. Aukið var við stöðuhlutfall fjölskylduráðgjafa í september og meira var um fjölskyldu- og hjónaviðtöl á síðasta ári en verið hefur. Sem fyrr var lögd áhersla á að verðandi foreldrar, foreldrar ungra barna og einstæðir foreldrar hefðu forgang að þjónustu.

BÚSETUDEILD

Á árinu var mikil vinna lögð í að skýra og skrá ferli umsókna um þjónustu innan deildarinnar. Reglur voru endurskoðaðar og verklagsreglur skráðar. Markmið þessarar vinnu var að gera umsóknarferlið gagnsærra og aðgengilegra fyrir notendur og tryggja jöfn gæði í afgreiðslu umsókna.

Í apríl gekkst deildin ásamt Landssamtökunum Þroskahjálp, Þroskajálfafélagi Íslands og Þroskahjálpi á Norðurlandi eystra fyrir ráðstefnu um sjálfræði og sjálfstæði með sérstakri vísan til fólks með fötlun og annarra sem þurfa þjónustu og aðstoð opinberra aðila og fjölskyldu til að ráða fram úr daglegum viðfangsefnum. Ráðstefnan var vel sótt og þótti heppnast með ágætum.

Áfram var haldið vinnu við framkvæmd stefnu Akureyrarbæjar í búsetumálum fólks með fötlun. Það fólst meðal annars í því að taka viðtöl við alla íbúa sambýla og/eða aðstandendur svo og umsækjendur um slíka þjónustu til að fá skýrari mynd af óskum þeirra um framtíðarbúsetu. Einnig voru teknar ákvarðanir um húsbyggingar í samræmi við stefnuna. Landssamtökin Þroskahjálpi ákváðu að byggja hús með fimm íbúðum og sameiginlegri aðstöðu og ákveðið var að Akureyrarbær reisti hús með sex leiguíbúðum auk starfsmannaaðstöðu. Framkvæmdir vegna þessara húsa hófust á árinu og er áætlað að þeim ljúki á haustmánuðum 2005. Auk þessa fékkst samþykki fyrir því að Framkvæmdasjóður fatlaðra fjármagni fimm íbúða sambýli með mikilli sameiginlegri aðstöðu, ætlað fjölfötluðum. Hönnun hússins hófst á árinu. Átak var gert í brunavörnum sambýla fatlaðra í kjölfar úttektar eldvarnareftirlits og eru nú öll sambýlin með uppsett brunavarnakerfi sem tengt er vaktstöð.

Ákveðið var að ábyrgð á rekstri ferliþjónustu flyttist frá Strætisvögnum Akureyrar til búsetudeildar. Jafnframt voru reglur um ferliþjónustu endurskoðaðar og er í nýju reglunum skerpt á því að aldraðir geti eins og aðrir sótt um akstur.

Þær breytingar urðu á árinu að heimahjúkrun fluttist alfarið til heilsugæslustöðvar aftur en frá upphafi reynsluverkefna árið 1997 hafði heimahjúkrun tilheyrð rekstri búsetudeildar (áður búsetu- og öldrunardeildar) en heyrir faglega undir heilsugæslustöð. Ástæða þess að nú er snúið til baka er að aldrei hefur verið um raunverulega samþættingu eða sameiningu þessara þjónustupátta að ræða eins og hugmyndin var í upphafi. Vel skipulagt og gott samstarf heimahjúkrunar og heimaþjónustu er talið ótengt staðsetningu

heimahjúkrunar hjá búsetudeild. Stefnt er að því að samvinna milli búsetudeildar og heimahjúkrunar verði áfram öflug og um hana gildir ákveðið verklag sem félagsmálaráð hefur samþykkt.

ÖLDRUNARHEIMILI

Hlutverk Öldrunarheimila Akureyrar er að tryggja öldruðum vistlegt heimili, hjúkrun, þjálfun og aðhlynningu eftir þörfum hvers og eins og veita ávallt bestu mögulegu þjónustu með áherslu á vellíðan og ánægju íbúa. Öldrunarheimili Akureyrar reka fjögur heimili fyrir alls 195 íbúa. Heimilin eru hjúkrunar- og dvalarheimilið Hlíð, dvalarheimilið Kjarnalundur, sambýlið Bakkahlíð og hjúkrunarheimilið Skjaldarvík.

Á öldrunarheimilunum er rekin dagþjónusta, mötuneyti, þvottahús, lítil verslun auk þess sem boðið er upp á iðjuþjálfun, sjúkrþjálfun, félagsstarf, lækniþjónustu, há- og fóttaðgerðir o.fl. Starfsmenn við ÖA voru alls á árinu um 260 í um 173 stöðugildum. Öldrunarheimilunum hefur fylgt mikið starfsmannalán í gegnum tíðina og er svo enn.

Í upphafi árs fékkst leyfi til fjölgunar hjúkrunarrýma um 15 frá 1. apríl 2004 svo fremi að Akureyrarbær útvegaði húsnæði til starfseminnar. Skjót ráð þurfti til þess að hafa húsnæði tilbúið með svo stuttum fyrirvara og var hugað að ýmsum möguleikum. Eina raunhæfa lausnin reyndist vera að gera endurbætur á gamla dvalarheimilinu í Skjaldarvík. Húsnæðið þurfti töluverðar endurbætur en staðurinn er mörgum kær og fallegur eins og Akureyringar vita. Við opnun Skjaldarvíkur var hægt að bjóða þeim einstaklingum sem voru í brýnastri þörf fyrir hjúkrunarrými, þjónustu í góðri aðstöðu og létti þá mjög á biðlista eftir hjúkrunarrýmum.

Mikil vinna var lögð í hönnun nýrrar viðbyggingar við Hlíð og tók hún lengri tíma en áætlað var. Vandað var til verka og lauk hönnun í lok ársins. Í viðbyggingunni verða 60 ný hjúkrunarrými þar sem verða góð einstaklingsherbergi með snyrtingum. Einnig verður eldhús, borðsalur og búningsaðstaða í viðbyggingunni. Viðbyggingin verður nauðsynleg og ánægjuleg viðbót við aðstöðu Öldrunarheimilanna.

Með aukinni heimaþjónustu gefst fólki kostur á að búa lengur í heimahúsum, þar af leiðir að heilsuleysi er orðið mikið þegar aldraðir flytja inn á öldrunarheimili og íbúar þurfa mikla umönnun og hjúkrun. Lág daggjöld frá ríkinu valda því að ekki er fjármagn til að ráða starfsfólk eins og þörf væri á. Akureyrarbær hefur því lagt fé til reksturs Öldrunarheimilanna undanfarin ár og var á árinu tekin ákvörðun um fjölgun stöðugilda þannig að betur væri að íbúum búið.

SKÓLADEILD

Hrísey varð hluti af Akureyrarbæ á árinu. Þar með urðu Grunnskólinn í Hrísey og Leikskólinn Smábær hluti af skólakerfi bæjarins. Þessir skólar eru báðir fámennir. Fimm nemendur eru í Smábæ og 30 í grunnskólanum.

Akureyrarbær rekur 13 leikskóla auk þess sem veittur var styrkur til eins einkarekins leikskóla. Heildarfjöldi barna var í árslok 1.000 í 927 rýmum. Nýr leikskóli, Tröllaborgir, var tekinn í notkun á árinu en hann er í húsnæði Félagsstofnunar stúdenta við Tröllagil. Þar eru 90 rými. Þá var hafin bygging á nýjum leikskóla við Helgamagrastræti



sem mun verða með 144 rými. Fjöldi stöðugilda starfsmanna var um 202 og hlutfall leikskólakennara á deild um 58%, sem verður að teljast gott. Stöðugleiki í starfsmannahaldi hefur verið góður. Um það bil 98% allra barna á aldrinum tveggja til fimm ára voru í leikskóla og var meðalvistunartími þeirra um 7,4 klukkustundir á dag. Haustið 2004 voru um 14% eins árs barna komin í leikskóla og er það óvenjuhátt hlutfall miðað við undanfarin ár.

Í skoðanakönnun sem gerð var meðal foreldra árið 2004 kom fram að 95% foreldra sögðust vera ánægðir með leikskólann og 97% starfsmanna sögðust vera ánægðir í starfi.

Gæsluvöllurinn Eyrarvöllur var eini gæsluvöllurinn sem var starfræktur árið 2004. Alls eru skráðar 2.053 heimsóknir barna þennan tíma sem þýðir að u.þ.b. 33 börn heimsóttu gæsluvöllinn að meðaltali á dag. Er það töluverð aukning frá því sem verið hefur.

Í árslok 2004 voru 22 dagmæður starfandi á Akureyri og voru börn í dagvist hjá þeim samtals 107.

Grunnskólar Akureyrarbæjar eru sjö og í þeim stunduðu ríflega 2.620 nemendur nám. Stærstur var Brekkuskóli með ríflega 570 nemendur og minnstur grunnskólinn í Hrísey með 30 nemendur. Einnig var starfræktur einn sérskóli, Hlíðarskóli, en þar stunda að jafnaði 16 drengir nám. Í skólunum störfuðu 259 kennarar og stjórnendur og 170 starfsmenn sem sinna öðrum störfum. Hlutfall kennara með fagmenntun var 95%. Stöðugleiki í starfsmannahaldi hefur verið mikill síðustu árin.

Við alla grunnskólana voru starfrækt skólamötuneyti þar sem nemendum var boðið upp á heita máltíð í hádegi. Einnig stóð öllum nemendum í 1.–4. bekk til boða skólavistun eftir að skóla lauk á daginn og gátu þeir verið þar gegn vægu gjaldi til kl. 17.15 á daginn. Um það bil 36% barna í þessum bekkjum nýttu sér þetta úrræði. Síðustu ár hefur Akureyrarbær einnig rekið skólavistun fyrir fötluð börn 10–16 ára í Árholti. Þar eru að jafnaði 12 börn.

Árangur nemenda í grunnskólum Akureyrarbæjar í samræmdum prófum í 4., 7. og 10. bekk var mjög góður á árinu og var þetta sennilega einn besti árangur nemenda í 10. bekk sem náðst hefur.

Haldið var áfram vinnu við mótun skólafestna. Unnið var með efnivið sem varð til vinnu kennara og foreldra árið áður. Þá var farið aftur í alla skóla um vorið og lögð fyrir kennara drög til umsagnar. Á þá fundi mætti bæjarstjóri með deildarstjóra skóladeildar og forstöðumanni skólaþróunarsviðs HA. Um haustið óskaði skólafestna eftir því við skólana að þeir tilnefndu 3 fulltrúa nemenda hver í rýnihóp sem færi yfir drög að stefnunni sem þá lágu fyrir. Þá var einnig fundað með fulltrúum allra foreldrafélaga leik- og grunnskóla. Því miður náðist ekki að halda áætlun en reiknað er með að vinnu við skólafestna ljúki á vormánuðum næsta árs.

Sú nýbreytni var tekin upp á árinu að bjóða öllum nemendum í 5. bekk grunnskólanna upp á skíðakennslu í Hlíðarfelli. Var þetta samvinnuverkefni skóladeildar, grunnskólanna og Hlíðarfjalls. Hver skóli sendi nemendur sína þrisvar í fjallið eftir hádegi og þar tók á móti þeim vösk sveit skíðakennara. Í ljós kom að tæpur helmingur nemenda átti ekki skíðabúnað og kom það mjög á óvart í skíðabænum Akureyri. Þetta verkefni þótti takast mjög vel og er stefnt að því að gera þetta að árlegum viðburði.

Miklar framkvæmdir stóðu yfir við Brekkuskóla. Nýbygging sem hýsir sal, mötuneyti, kennslurými og stjórnun var tekin í notkun í september. Því miður drógust framkvæmdir nokkuð og hafði það veruleg áhrif á skólabyrjunina hjá nemendum í 6. og 7. bekk. Endurbygging GA hússins hófst í júní. Við Síðuskóla var tekið í notkun nýtt íþróttahús, samskomusalur og mötuneyti með fleiru. Hefur öll aðstaða við skólann batnað til mikilla muna.

Starf Tónlistarskólans var með hefðbundnu sniði árið 2004. Af helstu atburðum sem Tónlistarskólinn stóð að árið 2004 má nefna konsertuppfærslu á óperunni Dido og Æneas eftir Henry Purcell en í uppfærslunni tóku þátt kór, strengjasveit og einsöngvarar úr hópi nemenda skólans. Skólinn brautskráði sex nemendur sl. vor og er það meira en oft áður. Mikil aðsókn var á tónleika útskriftarnemenda en á þessa sex tónleika mættu um 900 manns. Píanódeildin stóð fyrir nýjung í starfi skólans sem er kallað stefnumót við tónskáld. Strengjasveit skólans fór á strengjasveitarmót á Seltjarnarnesi í byrjun október og blásarsveit skólans fór á landsmót skólalúðrasveita í Grafarvoginn í lok september.

Áfram var unnið ötullega að forvarnarmálum í bænum og í árslok voru fyrstu drög að stefnu Akureyrarbæjar í áfengis- og vímuevrum tilbúin. Önnur verkefni áfengis- og vímuefnaneftar, í samvinnu við lögregluna á Akureyri og fleiri, voru meðal annars ÞOR, verkefni fyrir 5. bekk og „hættu áður en þú byrjar“ fyrir 8. og 9. bekk. Einnig var blásið til herferðar sem er eins konar hvatningaráttak til foreldra. Hún hófst um sumarið með smáskilaboðum í Dagskránni og um haustið með auglýsingaborða á strætó þar sem stóð „mamma/pabbi er mín fyrirmynd“. Að auki stendur foreldrum til boða fræðsla um skaðsemi fíkniefna. Á árinu var gerður samningur við R&G um kaup á niðurstöðum kannana til 5 ára um vímuefnaneyslu ungmenna 13-15 ára og líðan 10-15 ára. Auk þess var gerður samningur við Vímlausa æsku um sjálfsstyrkingarnámskeið á Akureyri. Haldin voru tvö sjálfstyrkingarnámskeið fyrir 18 stúlkur á aldrinum 12-16 ára.

MENNINGARDEILD

Menningarmál stóðu í blóma á árinu 2004. Áberandi voru Amtsbókasafnið og nýtt húsnæði þess, Leikfélag Akureyrar, sem setti nýtt met í sölu áskriftarkorta, fékk mikla athygli og aðsókn á sýningar í haust, og loks Listasafnið á Akureyri sem m.a. hafði til sýnis grafíkverk eftir Francisco Goya.

Í annað sinn var auglýst eftir umsóknum um starfslaun listamanna og sóttu 22 um. Tilkynnt var um niðurstöður á Vorkomu menningarmálanefndar og launin hlutu Sveinbjörg Hallgrímsdóttir í níu mánuði og Arna Valsdóttir í þrjá. Við sama tækifæri fengu Haraldur Sigurðsson og Kristjana N. Jónsdóttir viðurkenningu Menningarsjóðs fyrir framlag til menningarmála og viðurkenningu Húsverndarsjóðs fengu eigendur Oddeyrargötu 17.

Starfsemi Amtsbókasafnsins bar þess mikil merki að það var opnað í nýju og glæsilegu húsnæði eftir stækkun og gagngerar endurbætur. Lokað var í febrúar og fram að vígslu hússins þann 6. mars. Fyrsta daginn komu 1.026 gestir í safnið en að jafnaði heimsækja það um 490 manns þá daga sem opið er. Í safninu er nú stórbætt aðstaða til að standa fyrir sýningum og uppákomum og tók Amtsbókasafnið



m.a. að sér að halda upp á heimastjórnarafmælið. Héraðsskjalasafnið er í sama húsi og Amtsbókasafnið og því varð gjörbreyting á allri aðstöðu þar og tekist hefur að sameina safnkostinn á einum stað í góðum geymslum. Safnið stóð fyrir tveimur sýningum á árinu „Hannes Hafstein og heimastjórnarín í Eyjafirði“ og „Ár í skjólum – 1974“.

Árið var fyrsta ár tilraunar með nýtt rekstrarfyrirkomulag Listasafnsins á Akureyri en fyrirtækið Art.is tók að sér rekstur safnsins fyrir Akureyrarbæ með samningi til þriggja ára. Tilraunin gekk vel og sýningarhaldið var í blóma. Sem dæmi um sýningar sem hátt risu voru „Kenjarnar“ eftir sjálfan Goya og „Ferð að yfirborði jarðar“ eftir Boyle-fjölskylduna en Cherie Blair, forsætisráðherrafrú Bretlands, opnaði þá sýningu. Gestir safnsins voru alls 12.119 og þar af voru 2.668 skólanemendur.

Akureyrarbær stóð fyrir Listasumri 2004 með liðsinni Gilfélagsins. Formi hátíðarinnar var ekki breytt að ráði og er hún áfram lengsta samfellda Listahátíð sumarins á Íslandi. Akureyrarvaka festi sig enn frekar í sessi sem bæjarhátíð Akureyringa og þátttaka hagsmunadila hefur aldrei verið eins mikil.

Fjórða bindi Sögu Akureyrar kom út á árinu og spannar það tímabilið frá 1919 til 1940 þegar breska herliðið var á leið til landsins. Jón Hjaltason er söguritari.

Á árinu endurnýjaði Akureyrarbær samninga sína við Leikfélag Akureyrar og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands en þeir eru gerðir með fulltingi menntamálaráðuneytisins. Leikfélag Akureyrar fær á bilinu 80-90 m.kr. framlag árlega til rekstrar og ræðst endanleg tala af árangri félagsins í rekstri. Sinfóníuhljómsveitin fær 19 m.kr. framlag sem hækkar í 24 m.kr. á þriðja og síðasta ári samningsins. Sinfóníuhljómsveitin hélt fimm tónleika á síðasta ári og sá þar að auki um tónlistarflutning í vinsælli sýningu Leikfélagsins á söngleiknum Óliver.

Minjasafnið á Akureyri er rekið í samstarfi sveitarfélaganna í Eyjafirði hefur afar fjölbreytilegt verksvið, allt frá söfnun muna og ljósmynda til þess að hafa umsjón með fornleifauppgreftirum að Gásum. Sýning Minjasafnsins að Laufási nýtur sífellt meiri vinsælda og hefur gestum fjölgað úr 13.030 árið 2000 í 15.012 árið 2004.

ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDAEILD

Meginhlutverk deildarinnar er að annast yfirstjórn á rekstri og starfsmannahaldi málaflöksins sem og að sjá um samskipti við félagasamtök innan og utan Akureyrar fyrir hönd bæjarfélagsins. Þá koma starfsmenn deildarinnar samþykktum íprótta- og tómstundaráðs og bæjarstjórnar í málefnum íprótta- og tómstunda á Akureyri til framkvæmda.

Nýtt og glæsilegt ípróttahús við Siðuskóla var tekið í notkun í september og segja má að með tilkomu þess hafi aðstaða til ípróttaiðkunar batnað verulega í Glerárhverfi. Ípróttafélagið Þór hefur þar sína aðalæfingaraðstöðu fyrir yngri flokka félagsins sem hefur gert þeim kleift að færa allar æfingar úr Ípróttahöllinni og í sitt heimahverfi. Á árinu varð Ípróttabandalag Akureyrar 60 ára og var afmælisýning bandalagsins í hinu nýja ípróttahúsi.

Tveir sparkvællir voru búnir til á árinu, annar við Oddeyrarskóla

og hinn við Brekkuskóla. Vellirnir eru lagðir gervigrasi og eru þeir upplýstir og upphitaðir til að auka nýtingu þeirra. Óhætt er að segja að þeir hafi vakið mikla ánægju meðal yngri bæjarbúa sem nota þá óspart.

Gerðir voru samningar á árinu við fimm ípróttafélög um áframhaldandi uppbyggingu innan málaflöksins en samkvæmt þeim verður varið allt að 180 m.kr. í uppbygginguna. Þá var samþykkt í bæjarstjórn að styðja umsókn UFA og UMSE um að halda hundraðasta landsmót UMFÍ á Akureyri árið 2009. Umsóknin var samþykkt af stjórn UMFÍ og þykir víst að mótshaldið muni hafa í för með sér umtalsverðan kostnað vegna uppbyggingar á nýrri frjalsípróttaaðstöðu.

Ýmis önnur uppbygging átti sér stað á árinu. Má þar nefna endurnýjun leiktækja í fjölskyldugarði Sundlaugarinnar, uppbyggingu á snjóþrettaaðstöðu, sléttun á brekkum og uppsetningu snjógirðinga í Hlíðarfalli, auk þess sem þar voru settar upp tvær nýjar barnalyftur.

Vel tókst til með endurnýjun á húsnæði og starfsemi Hússins, menningarmiðstöðvar ungs fólks á Akureyri. Veruleg aukning hefur orðið í heimsóknum og ríkir almenn ánægja meðal notenda sem eru ungmennti á aldrinum 16 til 25 ára. Sú nýbreytni var gerð að stofnað var til sérstaks húsráðs sem fer með skipulagningu starfseminnar en í húsráðinu sitja forsvarsmenn nemendafélaga Menntaskólans, Verkmenntaskólans, Myndlistaskólans og Háskólans á Akureyri. Þetta fyrirkomulag hefur reynst afar farsælt og aukið möguleika ungs fólks á Akureyri til að skapa og stýra sínum eigin verkefnum. Verkefninu Gestalátum var haldið úti af Húsinu sumarið 2004 þar sem ungmennti fóru um bæinn og stóðu fyrir ýmiss konar uppákomum tengdum leik- og fjöllist og vöktu þau óskipta athygli ferðamanna sem og bæjarbúa.

Starfsemi félagsmiðstöðvanna í grunnskólum bæjarins gekk vel og má segja að starfsmenn þar hafi unnið afar vel úr þeim tækifærum og fjármunum sem þeir hafa haft til umráða. Af stórum verkefnum félagsmiðstöðvanna má nefna Landsmót félagsmiðstöðva og söngvakeppni félagsmiðstöðva á Norðurlandi.

Síðast en ekki síst er þess að geta að starfsemi Punktsins efldist mjög á árinu. Þar hefur fjölbreytileiki í námskeiðum og almennri starfsemi verið með besta móti.



FASTEIGNIR AKUREYRARBÆJAR

Framkvæmt hefur verið fyrir rúman milljarð króna á árunum 2002-2004 í nýbyggingum. Þar til viðbótar kemur bygging leiguíbúða Akureyrarbæjar. Á árinu tók Akureyrarbær á leigu nýbyggt húsnæði fyrir leikskóla við Tröllagil. Skólinn er rúmir 700 m² að flatarmáli og er leigusali Félagstofnun stúdenta Akureyri.

Í byggingu á árinu voru átta leiguíbúðir við Gránufélagsgötu 26 og 28 og voru þær afhentar leigutökum í byrjun mars 2005 og í byggingu eru sex íbúðir við Vallartún sem verða afhentar haustið 2005. Heildarbyggingarkostnaður er 140-150 milljónir króna. Allar nýbyggingarframkvæmdir á vegum FA eru boðnar út.

Stærstu verkefni í nýframkvæmdum á árinu 2004:

- Viðbygging og endurbætur á Brekkuskóla voru boðnar út í maí 2003. Framkvæmdir standa yfir og eru verklok áætluð í ágúst 2005.
- Í ágúst 2004 var lokið viðbyggingu við Síðuskóla, byggingu íþróttahúss og frágangi lóðar.
- Breytingum í kjallara Glerárskóla lauk í maí 2004.
- Boðnar voru út framkvæmdir við leikskóla við Helgamagrastræti og verður þeim lokið vorið 2006.
- Ráðist var í endurbætur á húsnæðinu í Skjaldarvík í janúar 2004 og lauk þeim í apríl.
- Unnið var að stækkun öldrunarheimilisins að Hlíð sem verður boðin út í tveimur áföngum, annars vegar árið 2004 og hins vegar í mars 2005.
- Lokið var viðbyggingu við Amtsbókasafnið og endurbótum á eldra húsnæði þess sumarið 2004. Þar er Héraðsskjalasafnið nú einnig til húsa. Tillaga Guðmundar Jónssonar, arkitekts í Noregi, hlaut fyrstu verðlaun í samkeppni um hönnun hússins. Nýbyggingin er afar björt og rúmgóð og þar hefur arkitektinum tekist að sameina á afar skemmtilegan hátt nútíma hönnun og þann hlýleika sem hefur verið einkenni safnanna.
- Þann 6. mars 2004 var Samkomuhúsið formlega tekið í notkun eftir endurbætur og var nýtt leikverk, Draumalandið, eftir Ingibjörgu Hjartardóttur, frumsýnt af því tilefni. Markmiðið með viðbyggingu og endurbótum á Samkomuhúsinu var að bæta aðstöðu starfsfólks í húsinu, þetta og einangra það og bæta aðgengi.
- Hönnunarsamkeppni vegna byggingar menningarhúss á Akureyri var haldin árið 2004. Markmiðið með samkeppninni var að ná fram sem bestri heildarlausn viðfangsefnisins innan þess kostnaðarpaks sem sett var í samkeppnisgögnum. Samtals bárust 33 tillögur.
- Endurbótum á annarri hæð Ráðhússins lauk í júní.

milljónir eða rúm 19% af tekjum. Á árinu 2002 voru húsleigutekjur Fasteigna Akureyrarbæjar 655 milljónir króna, þar af var 113 milljónum ráðstafað í viðhald og hirðingu lóða.

Heildarflatarmál eigna í útleigu í árslok 2002 var um 74.000 m², árið 2003 um 84.500 m² og nú um áramót 2004/2005 um 86.700 og er aukning milli ára tilkomin vegna nýbyggingar við Síðuskóla. Því til viðbótar er húsnæði sem FA leigir út til annarra en stofnana og fyrirtækja Akureyrarbæjar.

Húsaleigutekjur ársins 2004 námu 857 milljónum króna og viðhald var um 128 milljónir eða um 15% af tekjunum. Sambærilegar tölur fyrir árið 2003 eru 732 milljónir króna og viðhaldskostnaður 143

TÆKNI- OG UMHVERFISVIÐ

Helstu málaflokkar tækni- og umhverfissviðs eru skipulags- og byggingamál, gatnakerfi, holræsi, umhverfismál, öryggismál og almenningssamgöngur. Helstu stofnanir og deildir sem falla undir tækni- og umhverfissvið eru umhverfisdeild og framkvæmdadeild, slökkvilið, framkvæmdamiðstöð, Strætisvagnar Akureyrar og Lystigarður. Fjöldi fastráðinni starfsmanna var 115 og yfir sumartímann bætast síðan við um 70 starfsmenn fyrir utan unglingavinnu til að sinna þeim fjölbreytilegu verkefnum sem unnin eru í stofnunum og deildum innan sviðsins.

Á árinu voru samþykkt ný erindisbréf fyrir nefndir og ráð sem starfa á tækni- og umhverfissviði auk þess sem reglur um afgreiðslur byggingafulltrúa voru endurskoðaðar, allt með það að markmiði að bæta og einfalda þjónustu og gera stjórnsýslu og afgreiðslu skilvirkari. Óhætt er að segja að þetta hafi tekist með ágætum og hefur afgreiðslutími erinda styst verulega.

Undanfarin ár hefur íbúum fjölgað stöðugt og hefur það kallað á auknið lóðaframboð, framkvæmdir við gatna- og holræsagerð og aðra umhverfisþætti. Á árinu var úthlutað um 95 lóðum, bæði í fjölbýli og einbýli. Mest var úthlutað í Naustahverfi og í minna mæli í eldri bæjarhlutum. Unnið var áfram að úrbótum í fráveitumálum og miðað við stöðuna um síðustu áramót má búast við að því verkefni ljúki á árinu 2008. Helstu framkvæmdir í gatnagerð var gerð Dalsbrautar á milli Borgabrautar og Þingvallastrætis svo og gerð Miðhúsabrautar frá Þórunnarstræti að Mýrarvegi.

Unnin var áætlun um endurgerð leikvalla í samræmi við reglur um öryggi á leikvöllum og unnið var að gerð sorpáætlunar fyrir Akureyri. Í náttúruverndarmálum náðist sá merki áfangi að friðlýsa Krossanesborgir en þar er fjölskrúðugt fuglalíf og gróðurflóra, auk þess sem unnið var að gerð skipulags fyrir óshólma Eyjafjarðarar.

Skipulagsmál voru mikið í brennidepli á árinu. Haldið var íbúðauping um skipulag miðbæjarins sem tókst með ágætum og í framhaldi af því var efnt til alþjóðlegrar hugmyndasamkeppni. Jafnframt voru haldnir nokkrir kynningarfundir með bæjarbúum og hagsmunaaðilum um helstu mál hverju sinni. Helstu skipulagsmál voru nýtt íbúðahverfi í Naustahverfi og þétting byggðar.

Á árinu var unnið áfram skv. framkvæmdaáætlun 1. útgáfu Staðardagskrár 21 fyrir Akureyri og er lokið að mestu við 25 verkefni af þeim 56 sem hafa verið samþykkt. Með sameiningu Akureyrarbæjar og Hríseyjarhrepps færðist umsjón með verkefninu „sjálfbært samfélag í Hrísey“ til náttúruverndarnefndar. Akureyrarbær tók þátt í verkefni á landsvísi um skilgreiningu „sjálfbærnivísa“ fyrir sveitarfélög. Haldinn var fundur um umhverfisstjórnun fyrirtækja og norrænt málþing um Staðardagskrá 21 í fámennum byggðum.

Starfsemi SVA og Ferliþjónustu var með svipuðu sniði og árið 2003. Settur var á lagginnar vinnuhópur framkvæmdaráðs til að vinna að stefnumörkun fyrir almenningssamgöngur. Samhliða þeirri vinnu var leiðakerfið endurskoðað, það einfaldað og leiðum fækkað úr 10 í 4 og ferðum fjölgað á þeim leiðum þar sem notkunin er mest. Einnig var farið í kynningarátak fyrir SVA og hvatt til aukinnar notkunar á almenningssamgöngum. Kynningarátakið fólst í því að senda öllum heimilum á Akureyri ókeypis mánaðarkort. Helstu kennitölur fyrir SVA

eru þessar: Farþegafjöldinn var 180 þús., (190 þús. 2003), eknir km eru 243 þús. (253 þús. 2003) og kostnaður á einum km var 190 kr.

Unnið var við endurbyggingu gatna fyrir um 67 milljónir kr. og helstu framkvæmdir voru Hafnarstræti fyrir framan Samkomuhús, Aðalstræti fyrir framan Minjasafn og Strandgata fyrir neðan Hjalteyrargötu. Helstu verkefni við nýbyggingar voru götur í Naustahverfi, Dalsbraut milli Borgabrautar og Þingvallastrætis, Síðubraut að Austursíðu, ásamt tengingum. Kostnaður við þessar framkvæmdir var um 106 milljónir króna. Framkvæmdir við nýlögnað malbiks kostuðu um 85 milljónir auk þess sem framkvæmt var fyrir 44 milljónir við gangstíga og gangstéttir vítt og breitt um bæinn. Ellefu milljónum var varið til framkvæmda í nýjum 30 km hverfum.

Rekstrarkostnaður framkvæmdadeilda var um 50 milljónir króna, rekstur hreinlætismála 114 milljónir og snjómokstur og hálkuvarnir 47 milljónir (41 milljón árið 2003).

Á árinu var haldið áfram að vinna að úrbótum í holræsamálum og var unnið fyrir um 63 milljónir. Helstu verkefni voru yfirfall við Glerá, „sökkraesi“ undir Glerá og dælustöð við Óseyri.

Til almenningsgarða og opinna svæða var varið 121 milljón króna, þar með talið Lystigarður og Kjarnaskógur. Helstu verkefni, fyrir utan dagleg rekstarverkefni, voru endurnýjun leiksvæðis við Hamragerði, stígur að Nonnasteini og gerð áningastaða við Glerárstíg og Hlíðarbraut ásamt gerð göngustíga á Glerásvæðinu. Plantað var í bæjarlandinu 24 þús. trjáplöntum og runnum ásamt 40 þús. blómum sem framleidd voru í ræktunarstöðinni.

Unglingavinna hóf starfsemi sína 3. júní og komu alls 444 til vinnu sem er nokkur fjölgun frá fyrra ári. Helsta verkefni unglinganna var hirðing og hreinsun í bæjarlandinu. Einnig var haldið úti sumarvinnu fyrir fatlað skólafólk og komu 16 einstaklingar til starfa. Auk þessa var sumarvinna 16 ára og komu alls 138 unglingar til vinnu. Samtals var varið til þessa málaflokks 56 milljónum króna.

Skátafélagið Klakkur rak eins og undanfarin ár tjaldsvæði að Hömrum og í Þórunnarstræti. Samtals voru gistinætur 42.000 og kostnaður bæjarins við rekstur og framkvæmdir tjaldssvæðanna var 4,4 milljónir króna.

Í slökkviliði Akureyrar eru 30 fastráðnir starfsmenn, 24 á fjórskiptum vöktum og 6 á dagvakt. Keypt var hús fyrir slökkviliðið í Hrísey og gerðar á því töluverðar endurbætur auk þess sem búnaður þar var mikið endurnýjaður. Sem fyrr var lögð áhersla á menntunarmál slökkviliðsmanna, eins og t.d. í sjúkraflutningum, neyðarakstri og mengunarvörnum. Gerður var samningur við Brunamálstofnun um kennslu í brunavörnum auk þess sem gerður var samningur um kaup á nýjum 19 tonna lagna- og dælubil og keypt ný og fullkomin loftpressa fyrir hleðslu reykklöfunartækja. Rekstrarkostnaður liðsins á árinu var 175 milljónir króna og tekjur 99 milljónir. Útköll vegna bruna á árinu voru 170, sjúkraflutningar voru 1.372, þar af 127 utanbæjar og 292 bráðatilfelli. Sjúkraflug voru 300. Starfsemi eldvarnareftirlits var með svipuðu sniði og undanfarin ár, farið yfir uppdrætti, haldnir fundir með húseigendum og hönnuðum og farið í heimsóknir í grunnskóla.



FULLTRÚAR AKUREYRARBÆJAR Í NEFNDUM OG STJÓRNUM 31. DESEMBER 2004

Bæjarstjórn Akureyrar:

Póra Ákadóttir
Kristján Þór Júlíusson
Þórarinn B. Jónsson
Sigrún Björk Jakobsdóttir
Jakob Björnsson
Gerður Jónsdóttir
Jóhannes Gunnar Bjarnason
Oddur Helgi Halldórsson
Marsibil Fjóra Snæbjarnardóttir
Oktavía Jóhannesdóttir
Valgerður H. Bjarnadóttir til 15.12.2004
Jón Erlendsson frá 15.12.2004

Bæjarráð:

Jakob Björnsson
Þórarinn B. Jónsson
Sigrún Björk Jakobsdóttir
Oddur Helgi Halldórsson
Valgerður H. Bjarnadóttir (áheyrnarfulltrúi) til 15.12.2005
Jón Erlendsson (áheyrnarfulltrúi) frá 15.12.2004

Bæjarstjóri:

Kristján Þór Júlíusson

Endurskoðendur:

KPMG Endurskoðun Akureyri hf.

Skoðunarmenn bæjarreikninga:

Birgir Björn Svavarsson
Hermann Óskarsson

Fastanefndir

Stjórnsýslunefnd:

Kristján Þór Júlíusson
Jakob Björnsson
Gerður Jónsdóttir
Valgerður H. Bjarnadóttir til 15.12.2004
Oktavía Jóhannesdóttir frá 15.12.2004
Marsibil Fjóra Snæbjarnardóttir

Umhverfisráð:

Guðmundur Jóhannsson
Þórarinn B. Jónsson
Stefán Jónsson
Haraldur Sveinbjörn Helgason
Jón Ingi Cæsarsson

Félagsmálaráð:

Jakob Björnsson
Póra Ákadóttir
Jóhannes G. Bjarnason
Sigurveig Sumarrós Bergsteinsdóttir
Kristín Sigfúsdóttir

Framkvæmdaráð - jafnframt stjórn Fasteigna Akureyrarbæjar:

Jakob Björnsson
Þórarinn B. Jónsson, varaform.
Sigrún Björk Jakobsdóttir
Marsibil Fjóra Snæbjarnardóttir
Valgerður H. Bjarnadóttir til 15.12.2004
Jón Erlendsson frá 15.12.2004

Íþrótt- og tómstundaráð:

Guðný Jóhannesdóttir til 23.08.2004
Björn Snæbjörnsson frá 23.08.2004
Steingrímur Birgisson
Eygló Birgisdóttir
Nói Björnsson
Sigrún Stefánsdóttir

Jafnréttis- og fjölskyldunefnd:

Gerður Jónsdóttir
Elín M. Hallgrímsdóttir
Alfreð Almarsson
Tryggvi Þór Gunnarsson til 21.09.2004
Íris Dröfn Jónsdóttir frá 21.09.2004
Þorlákur Axel Jónsson

Kjarasamninganefnd:

Þórarinn B. Jónsson
Jóhann Sigurjónsson
Ágúst Hilmarsson

Kjörstjórn:

Helgi Teitur Helgason
Páll H. Jónsson
Helga Guðrún Eymundsdóttir

Menningarmálanefnd:

Sigrún Björk Jakobsdóttir
Valgerður Jónsdóttir
Helgi Vilberg Hermannsson
Ágúst Hilmarsson
Jón Erlendsson til 15.12.2004
Andrea Sigrún Hjálmsdóttir frá 15.12.2004

Skólanefnd:

Jón Kr. Sólves
Gerður Jónsdóttir
Laufey Petrea Magnúsdóttir
Marsibil Fjóra Snæbjarnardóttir
Hermann Jón Tómasson

Náttúruverndarnefnd:

Ingimar Eydal
Sveinn Heiðar Jónsson
Mínerva B. Sverrisdóttir
Íris Dröfn Jónsdóttir til 21.09.2004
Þórey Ketilsdóttir frá 21.09.2004
Jóhannes Árnason

Áfengis- og vímuvarnanefnd

Gerður Jónsdóttir frá 07.04.2004
Heiða Hauksdóttir til 07.04.2004
Jóna Jónsdóttir
Arnþjótur Bjarki Bergsson til 07.04.2004
Hildur Kristjana Arnardóttir frá 07.04.2004
Silja Dögg Baldursdóttir til 21.09.2004
Tryggvi Þór Gunnarsson frá 21.09.2004
Þorgerður Þorgilsdóttir

Fræðslunefnd:

Inga Þóll Þórgnýsdóttir
Sigríður Stefánsdóttir
Leifur Þorsteinsson
Þórgnýr Dýrfjörð
Hrafnhildur Sigurðardóttir

**Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar:**

Bæjarstjóri
Jakob Björnsson
Oddur Helgi Halldórsson

Fulltrúar Akureyrarbæjar í samstarfsnefndum**Almannavarnanefnd Eyjafjarðar:**

Bæjarstjóri
Bæjarverkfræðingur
Slökkviliðsstjóri

Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar:

Baldur Dýrfjörð
Jakob Björnsson
Jóhanna Ragnarsdóttir
Dýrleif Skjöldal

Félagsstofnun stúdenta við Háskólann á Akureyri:

Halla Margrét Tryggvadóttir

Hafnasamlag Norðurlands:

Björn Magnússon
Bjarni Kristinsson
Konráð Alfreðsson
Víðir Benediktsson
Oddný Stella Snorradóttir

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra:

Einar Hjartarson
Steinunn Harpa Jónsdóttir til 21.09.2004
Frosti Meldal frá 21.09.2004

Fulltrúaráð Málræktarsjóðs:

Erlingur Sigurðarson

Stjórn Minjasafnsins á Akureyri:

Ágúst Hilmarsson
Helgi Vilberg Hermannsson
Valgerður Jónsdóttir

Hljómsveitarráð Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands:

Gunnar Frímannsson
Guðmundur Magnússon
Már V. Magnússon til 16.12.2004
Elín Margrét Lýðsdóttir frá 16.12.2004

Samstarfsnefnd um ferlimál fatlaðra:

Sigrún Fanney Sigmarsdóttir

Stjórn Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri:

Anna Þóra Baldursdóttir
Ásta Sigurðardóttir
Valgerður H. Bjarnadóttir

Stjórn Sparisjóðs Norðlendinga:

Eiður Gunnlaugsson

Stjórn sambands íslenskra sveitarfélaga:

Kristján Þór Júlíusson

Launanefnd sveitarfélaga:

Jakob Björnsson

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra:

Jakob Björnsson
Jóhannes Gunnar Bjarnason
Kristján Þór Júlíusson
Þóra Ákadóttir
Marsibil Fjóra Snæbjarnardóttir
Oktavía Jóhannesdóttir
Valgerður H. Bjarnadóttir

Héraðsnefnd Eyjafjarðar:

Jakob Björnsson
Kristján Þór Júlíusson
Þóra Ákadóttir
Gerður Jónsdóttir
Marsibil Fjóra Snæbjarnardóttir
Oktavía Jóhannesdóttir

Stjórn Eypings:

Kristján Þór Júlíusson

Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands:

Kristján Þór Júlíusson

Veiðifélag Eyjafjarðarár:

Jóhannes Kristjánsson

Vetraríþróttamiðstöð Íslands:

Þórarinn B. Jónsson
Jóhann G. Sigurðsson lést 12.03.2004
Nói Björnsson frá maí 2004

Fulltrúar Akureyrarbæjar í stjórnnum fyrirtækja**Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar bs.:**

Valur Knútsson
Árni V. Friðriksson
Oktavía Jóhannesdóttir

Landsvirkjun:

Kristján Þór Júlíusson

Sorpeyðing Eyjafjarðar bs.:

Jakob Björnsson
Jóhannes Árnason

Fóðurverksmiðjan Laxá hf.:

Árni V. Friðriksson

*Öll
lífsins gæði!*

